

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit rotþróa í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Þingeyjarsveitar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Þingeyjarsveitar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign. Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónusta-aðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 3. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eigna- eða notkunarskiptingu á þrónni.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við tveggja ára losun:

0-4.000 lítrar	10.701 kr.
4.001-6.000 lítrar	14.207 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 1.598 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra

Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:

0-4.000 lítrar	21.401 kr.
4.001-6.000 lítrar	28.413 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 3.195 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra

Endurkomugjald (þ.e. ef þró er ekki tilbúin) 50% álag miðað við stærð þróar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæmingu og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða samkvæmt reikningi verktaka.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Ef leggja þarf lengri barka en 50 metra þá leggjast við kr. 7.775.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 16. desember 2014 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit nr. 1244/2013.

Þingeyjarsveit, 16. desember 2014.

Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.